

Fyrirspurn

til landbúnaðarráðherra um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr.

Frá Þuríði Backman.

1. Hefur ráðherra beitt sér fyrir endurskoðun á lögum um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr, nr. 66/1998?
2. Hver er afstaða ráðherra til skiptingar landsins í 14 umdæmi héraðsdýralækna með 17 stöðugildum? Hefur ráðherra í hyggju að leggja til breytingar á fjölda héraðsdýralækna?
3. Eru fyrirhugaðar einhverjar breytingar á 12. gr. laga um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr þar sem fjallað er um vaktsvæði dýralækna?
4. Mun ráðherra beita sér fyrir því að ráðið verði í stöðugildi tveggja héraðsdýralækna í Austurlandsumdæmi nyrðra?